



Golfklúbburinn Keilir

Hafnarfirði 5. apríl 2017

Hafnarfjarðarbær
Haraldur L. Haraldsson, bæjarstjóri
Strandgötu 6
220 Hafnarfjörður

Efni: Landsmót í golfi á Hvaleyrvelli 2017

Með vísan til fundar með bæjarstjóra 22. mars sl. óskar stjórn Golfklúbbsins Keilis eftir fjárfram lagi frá Hafnarfjarðarbæ til að standa straum af kostnaði við lokahóf Íslandsmótsins í golfi og kostnað við sjónvarpsútsendingu frá mótinu.

Golfklúbbnum Keili hefur hlutnast sá heiður að verða mótsaldari Íslandsmóts í höggleik 2017 sem haldið verður dagana 20-23 júlí. Íslandsmótið í höggleik er stærsta mótt hvers keppnistímabils og kröfur til mótsaldara eru mun viðtækari enn á öðrum móttum. Þær hafa jafnfraamt aukist mikil á örfáum árum. Keilir tekur hlutverk sitt mjög alvarlega og hefur stjórn GK sett sér markmið þess efnis að umgjörð og golfvöllur verði í hæsta gæðaflokki þegar að móti kemur.

Sjónvarpað verður frá mótinu í beinni útsendingu á RÚV föstudag, laugardag og sunnudag, alls um 18 klukkutímar af beinu sjónvarpsefni. Þar verða Hafnarfjörður og Hvaleyrvöllur að sjálfsögðu í aðalhlutverki. Sjónvarpsútsendingin er ein sú viðamesta sem RUV fer í á hverju ári en alls eru um 14 myndavélar á golfvellinum og um 40 manns starfa við útsendinguna sem er mjög flókin í framkvæmd.


Hvaleyrvöllur hefur sannað sig sem einn allra besti keppnisvöllur landsins. Samspil Hraunsins, sem leikið er í fyrri níu holum vallarins, og seinni níu holanna á Hvaleyrahöfða er einstakt og hefur vakið eftirtekt langt út fyrir landsteinana. Í nýlegri samantekt í einu virtasta golftímariti Norðurlandanna nær Hvaleyrvöllur 15. sæti yfir bestu golfvelli Norðurlandanna. Viðbætur og breytingar á vellinum, sem unnið hefur verið að í samvinnu við Hafnarfjarðarbæ og verður lokið fyrir umrætt mótt, bæta enn um betur í þeim efnum.

Til þess að geta tekið á móti keppendum á Íslandsmóti í höggleik þarf Keilir að stækka og breyta golfskálanum og aðstöðu fyrir áhorfendur í kringum hann þar sem skálinn er orðinn of líttill til að taka á móti keppendum og því stuðningsneti sem þarf í kringum svona stórt golfmótt. Aðstöðu í kringum golfskálann til að fylgjast með keppni er einnig orðið ábótavant og þarfnað viðhalds. Þess má geta að Golfklúbburinn Kellir hefur hlutið tveggja milljóna króna styrk frá sjóði mennta- og menningarmálaráðuneytis til uppbyggingar Landsmótsstaða. Verður fjárhæðinni alfarið ráðstafað í breytingar á golfskála klúbbsins.

Íslandsmóti í golfi fór síðast fram á Hvaleyrvelli 2007 á 40 ára afmæli Keilis. Þá kom Hafnarfjarðarbær myndarlega að málum með stuðningi við mótið og við vonum að svo verði aftur nú 10 árum seinna - á 50. afmælisári. Það er því von okkar og ósk að Hafnarfjarðarbær styrki þetta viðamikla verkefni, sem Íslandsmóti í golfi er, með styrk uppá eina milljón króna.

Með vinsemdu og virðingu,
f.h. stjórnar Keilis


Arnar Borgar Atlason
formaður


Ólafur Pór Agústsson
framkvæmdastjóri